


Trío Ljósa

„Í morgun sá ég stúlku“

Diet Tilanus
fiðluleikari
Guja Sandholt
söngkona
Heleen Vegter
ljóðapíanisti



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 8. júlí 2025 kl. 20:30

Guja Sandholt býr í Reykjavík og Amsterdam og starfar sem sjálfstætt starfandi söngkona og listrænn stjórnandi Óperudaga. Á undanförunum árum hefur hún komið víða fram í Hollandi og víðar, meðal annars í Concertgebouw í Amsterdam, Fílharmoníunum í París, Lúxemborg og Hong Kong, á Grachtenfestival, Holland Festival, Reykholtshátíð og Óperudögum. Nýlega söng hún hlutverk Leonore í uppfærslu Óperudaga á *Fidelio-atlaga að óperu* eftir Beethoven í leikgerð Bjarna Thors Kristinssonar, Elísabetu drottningu í *Ríkharði III* eftir Sigurð Sævarsson í kynningaruppfærslu á óperunni, Juliu Child í súkkulaðikökuóperunni *Bon Appétit!* eftir Lee Hoiby, hlutverk söngvara í leikgerð Albertar Hoex á *Mattheusi unga* og Popovu í *The Bear* eftir William Walton. Sumarið 2019 stóð hún fyrir íslenskum frumflutningi á víkingaóperunni *King Harald's Saga* eftir Judith Weir og var í kjölfarið tilnefnd sem Söngkona ársins í sígildum flokki á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Guja hefur víða komið fram sem einsöngvari í flutningi á óratoríum á borð við *Mattheusarpassíuna* og *Jólaóratoríuna* eftir J.S. Bach, *Requiem* eftir Verdi, Mozart og Duruflé, *Stabat mater* eftir Dvorak, Pergolesi og Arvo Pärt, *Messías* eftir Handel, *Gloriu* eftir Vivaldi og *Messu í C* eftir Beethoven. Hún syngur einnig reglulega með Hollenska útvarpskórnum þar sem hún gegnir hálfri stöðu. Auk þess vinnur hún reglulega með Trío Ljósu ásamt þeim Heleen Vegter, ljóðapíanista og Diet Tilanus, fiðluleikara.

Guja stundaði söngnám við Tónlistarskólann í Reykjavík, Guildhall School of Music and Drama í London, Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg og Konservatoríð í Utrecht í Hollandi.

Diet Tilanus er fiðluleikari og listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar Bachweek (Bach-vikunnar) í Luther-safninu í Amsterdam. Á hátíðinni er boðið upp á fjölbreytta dagskrá í viku í senn sem tengist Johann Sebastian Bach og Martin Luther. Hátíðin er haldin á tveggja ára fresti og verður næst haldin árið 2026. Diet stofnaði píanótríóið Jacob Olie Trio og strengjatríóið Goldberg Trio ásamt samstarfsfólki sínu en árið 2023 gaf Jacob Olie Trio sinn fyrsta geisladisk, *Travellers*. Á honum má heyra þjóðlagaskotna tónlist eftir Arno Babadjanian, Frank Martin og Dvorák.

Diet hefur komið fram á kammertónleikum í Barbican Hall í London, Hermitage-safninu og Concertgebouw í Amsterdam, Kobe Center for Performing Arts í Japan, á Arties Festival á Indlandi og á tónleikaferðalagi á austurströnd Ástralíu sem og á hátíðum á Ítalíu og Frakklandi. Meðal meðleikara hennar má nefna Ilias Kadesha, Daniel Bard og Olivier Patey. Frá 2009 hefur Diet spilað með strengjasveitinni vinsælu, Amsterdam Sinfonietta, þar sem lögð er áhersla á nýstárlegar efnisskrár og náið kammerspil. Hún lauk framhaldsnámi með láði frá Guildhall Music and Drama hjá David Takeno. Fyrir það stundaði hún nám hjá Ilya Grubert í Amsterdam og Misha Furman í Rotterdam.

Efnisskrá

Íslensk og írsk þjóðlög Útsetning fyrir tríó Helgi R. Ingvarsson	<i>Draumakvæði</i> <i>Bíum, bíum bambaló</i> <i>Lysthúskvæði</i>
Írsk þjóðlög fyrir rödd og fiðlu Útsetning Rebecca Clarke	<i>I know my Love</i> <i>I know where I'm going</i> <i>Ballynure ballad</i> <i>Down by the Sally Gardens</i>
Söngljóðaflokkur eftir Hildigunni Rúnarsdóttur við ljóð Pórs Sandholt úr ljóðabókinni <i>Hanastél hugsana minna</i>	<i>Vor</i> <i>Nótt</i> <i>Lífsreynsla</i> <i>Reisn</i>
Clara Schumann ópus 122 númer 1 og 2	<i>Tvær rómönsur fyrir fiðlu og píanó</i>
Þrjú skosk þjóðlög Útsetning Joseph Haydn	<i>On a bank of Flowers</i> <i>I love my Love</i> <i>The White Cockade</i>
Rebecca Clarke	<i>The Seal Man</i>
Þrjú íslensk þjóðlög Útsetning fyrir tríó Helgi R. Ingvarsson	<i>Fagurt er í fjörðum</i> <i>Nú vil ég enn í nafni þínu</i> <i>Vísur Vatnsenda-Rósu</i>

Árið 2005 varð hún meðlimur í Akademíu Konunglegu Concertgebouw hljómsveitarinnar og kom fram á 20 ára hátíðartónleikum í litla sal Concertgebouw bæði í kammerverkum og sem konsertmeistari með eldri meðlimum úr akademíunni. Hún spilar reglulega með Concertgebouw-hljómsveitinni sem og í Mahler Chamber Orchestra. Meðan á námi stóð, var hún meðlimur í tónlistarhópnum Ricciotti ensemble sem lagði áherslu á að spila fjölbreytta tónlistarstíla og ná til eins breiðs áhorfendahóps og hægt var, meðal annars með því að spila á óvenjulegum stöðum eins og í fangelsum, flóttamannamiðstöðvum og í almenningssrýmum. Diet frumflutti ýmis verk eftir Ors Kozszechy á Sinfonietta String Festival og í nóvember 2022 var hún hluti af kvartett úr Amsterdam Sinfonietta sem frumflutti verkið Book of Water eftir Michel can der Aa. Verkið er fyrir kvartett, leikara og myndband.

Diet spilar á Goffredo Cappa-fiðlu frá árinu 1690 sem hún er með að láni frá Nationaal Muziekinstrumenten Fonds. Meðal verkefna á næstunni er flutningur á píanókvintett Schumanns með Mörthu Argerich á Elba-hátíðinni á Ítalíu nú í september.

Heleen Vegter ljóðapíanisti hefur flutt ýmis klassísk prógrömm á síðustu árum eins og Winterreise eftir Schubert og Wesendonckljóðin eftir Wagner en hefur auk þess leitast eftir að finna söngljóðinu nýtt samhengi og form með samstarfsfólki sínu. Þannig hélt hún meðal annars víða Jane Austen-ljóðatónleika ásamt sópransöngkonunni Charlotte Houberg þar sem lögð var áhersla á hlutverk kvenna í „salon“-menningu 19. aldar. Með Helenu Koonings setti hún saman efnisskrá, Hysteria, sem fjallaði um andlega heilsu kvenna og ásamt mezzósópransöngkonunni Esther Kuiper flutti hún verk hollensku tónskáldanna Henriette Bosmans og Anna Cramer.

Heleen Vegter er listrænn stjórnandi ljóðahátíðarinnar Leading Lied í heimabæ sínum Arnhem í Hollandi en með hátíðinni vill hún beina athygli að hinu klassíska söngljóði og hvernig það snertir áheyrendur. Heleen hefur spilað á tónlistarhátíðum eins og Oxford Lied, International Song Festival Zeist og sem Young Artist á Aldeburgh Festival og komið fram í tónlistarsölum á borð við Muziekgebouw aan t'IJ, Concertgebouw Amsterdam og Hörpu í Reykjavík. Aðalleiðbeinendur hennar hafa verið Hans Eijsackers, Malcolm Martineau og Susan Manoff. Auk þess hefur hún sótt masterklassa hjá Anne Sofie von Otter og Elly Ameling. Á námsárunum var Frank van de Laar aðalkennari hennar.

G.S.